

Snæfellsbær
Smári Björnsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 11. júní 2007
Tilvísun: UST20070500064/sf

Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015, Arnarstapi

Vísað er til erindis Snæfellsbæjar dags. 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota (hesthús) og athafnasvæði fyrir trillur við Múasaslóð og Vikurport eru felld út en að sama skapi stækkar íbúðarsvæði um rúma 18.000 m². Við Gilsbakka er gert ráð fyrir að hesthús verði við fáein íbúðarhús og að íbúðarsvæði sem áður var um 24.000 m² verði um 32.000 m². Á skipulagsuppdraðetti er þar sýnd blönduð landnotkun íbúðarbyggðar og opinna svæða til sérstakra nota, þar sem gert er ráð fyrir tómstundabúskap í syðri hluta þyrringarinnar. Nýtt athafnasvæði er afmarkað vestan Útnesvegar í tengslum við svæði þar sem þegar er athafnasvæði fyrir sorpgáma sveitarfélagsins og er það um 4.000 m². Núverandi aðkomuvegur að gámasvæði verður notaður sem aðkoma að trillusvæðinu.

Ströndin við Stapa og Hellna er friðlýst, sbr. auglysingu nr. 284/1988. Þá er Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar (svæði nr. 223, Utanvert Snæfellsnes). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhuguð byggð hafi engin áhrif á friðlýsta svæðið við ströndina. Einnig þarf að tryggja að gönguleið meðfram ströndinni verði áfram opin og að aðgengi að Vikurportinu verði gott. Gæta þarf þess að framkvæmdir á framkvæmdatíma og mannvirki, s.s. girðingar, hindri ekki fór almennings um svæðið.


Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að fyrirhugað er að halda sjónrænum áhrifum byggðar í lágmarki, sbr. eftirfarandi texta í greinargerð:

„Vegna nálægðar við friðaða strönd verði eingöngu gert ráð fyrir einnar hæðar íbúðarhúsum. ... Í deiliskipulagi verði ströng skilyrði varðandi aðlögun húsa að landi og vandaða hönnun.“

Stofnunin telur mikilvægt að þessu verði fylgt vel eftir og að ákvæði þess efnis í deiliskipulagi verði skýr.

Hvað varðar staðsetningu athafnasvæðis vestan Útnesvegar telur Umhverfisstofnun að sú staðsetning sé ekki heppileg fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Vegna hæðarmunar þjóðvegar og athafnasvæðisins og nálægðar við þjóðveg verði ekki hjá því komist að svæðið og starfsemi þar verði áberandi séð frá vegini. Því er við því að búast að sjónræn áhrif í nágrenni við fjölfarinn ferðamannastað verði mikil og neikvæð. Umhverfisstofnun telur að ef finna verður nýja staðsetningu fyrir athafnasvæði fyrir trillur færi betur á því að velja því stað t.d. í námu við Dagverðará þar sem athafnasvæðið gæti verið í hvarfi frá þjóðvegi.

Virðingarfyllst



Sigurðrós Friðriksdóttir
fagstjóri



Stefán Einarsson
staðgengill forstöðumanns

Afrit: Skipulagsstofnun.
Hús og skipulag, b.t. Hildigunnar Haraldsdóttur.